

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 22. ágúst 2019  
UST201907-254/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skeiða- og Hrunamannavegur – Gýgjarhólskot.  
Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbætur á 4,2 km kafla á Skeiða- og Hrunamannavegi og efnistöku sem að mestu leyti mun fara fram í námu E71 sem er í bökkum skammt norðan við brúna yfir Brúarhlöð. Sú náma er innan svæðis nr. 736 á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera: *Tilkomumikið gljúfur með kjarri og skógi vöxnum bökkum.*

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar felist fyrst og fremst í sjónrænum áhrifum efnistöku úr námu E71. Umhverfisstofnun telur miður að hugmyndir um frágang námunnar skuli ekki vera aðrar en almenn ákvæði um verklag við frágang í verklýsingum. Þessi náma er á svæði þar sem sjónræn áhrif geta orðið mjög neikvæð ef illa tekst til við efnistöku og frágang. Í verklýsingu í greinargerð er ekki að finna neinar hugmyndir um eiginlega landmótun heldur skal einungis móta fláa með vissum halla og slétta námusvæðið eins og venja hefur verið í áratugi.


Hjá Vegerðinni starfar fagfólk sem hannað getur frágang námunnar og ætti skilyrðislaust nýta þetta fólk til að hanna sérstaklega frágang námunnar.


Hér er um að ræða efnistöku innan svæðis á náttúruminjaskrá í mjög fallegu umhverfi og því ætti að leggja meiri metnað í frágang námunnar en gert er hér.

Til fróðleiks skal bent að Vegagerðin heldur úti ásamt örðum heimasíðunni namur.is þar sem unnt er að sækja fróðleik um efnistöku, frágang og uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur að leggja þurfi fram betur mótaðar hugmyndir um frágang námunnar til að unnt sé að veita umsögn um möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur